2606217

From: Saga Guðmundsdóttir
Sent: 02 November 2026 13:05
Subject: Uppfærðar forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2027-2031

Sæl öll,

Hjálagt er uppfært minnisblað um forsendur fjárhagsáætlana 2027-2031. Við sendum þetta út við fyrsta tækifæri en við höfum beðið eftir uppfærðum spám frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu. Uppfærðar forsendur taka að mestu mið af þjóðhagsspá Seðlabanka Íslands frá því í ágúst. Á grunni þeirrar spár framlengir Fjármála- og efnahagsráðuneytið spátímabilið og spáir fyrir um þróun útsvarsstofns sveitarfélaga. Í spá ráðuneytisins er útsvarsstofninn tekinn eilítið niður frá fyrra mati aðalega vegna minni vaxtar á yfirstandandi ári. Vöxtur útsvars á næsta ári er óbreyttur og lítið breyttur það sem eftir er spátímabilsins. Þá telur Seðlabanki Íslands að flest bendi til þess að verðbólga hjaðni hratt á næsta ári en það veltur auðvitað áfram á þróun alþjóðlegra efnahagsmála.

Frá síðustu sendingu hefur dregið úr óvissu á vinnumarkaði og ljóst að flestir kjarasamningar sveitarfélaga halda út 31. mars 2028. Aðeins kjarasamningar KÍ gætu losnað 1. október 2027 ef ekki næst sátt um að halda virðismatsvegferðinni áfram en betur er greint frá því í minnisblaðinu. Ríkisstjórnin, Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Samband íslenskra sveitarfélaga undirrituðu sameiginlega yfirlýsingu til að styðja við að kjarasamningar á vinnumarkaði héldu þrátt fyrir forsendubrest. Þar á meðal kom fram:

Í samræmi við ályktun landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga 25. september sl. hvetur sambandið sveitarfélög til ***að hækka ekki almennar gjaldskrár sínar um meira en 2,5% á árinu 2027****. Sérstaklega verði horft til gjaldskráa sem eru undir beinni stjórn sveitarstjórna. Sveitarfélög munu jafnframt hvetja fyrirtæki í sinni eigu til að leita allra leiða til að hækka ekki gjaldskrár opinberrar þjónustu sem hafa bein áhrif á vísitölu neysluverðs umfram 2,5% á árinu 2027.*

Gangi ykkur áfram vel í fjárhagsáætlunarvinnunni.

Bestu kveðjur,

Saga Guðmundsdóttir

Aðalhagfræðingur

Samband íslenskra sveitarfélaga • Icelandic Association of Local Authorities
Sími / Tel: (+354) 515 4900 • www.samband.is • thjonusta@samband.is
Lagalegur fyrirvari • Legal Disclaimer